



# Stjórn málaályktun

## Reykjavíkurbíng 2024

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að nýjum stofnæðum höfuðborgarsvæðisins verði komið fyrir neðanjarðar í jarðgöngum í einkaframkvæmd. Þá er nauðsynlegt að leggja áherslu á nýtt byggingarland, Borgina við sundin, austan Elliðaána og vernda græn svæði Reykjavíkurborgar sem freklega hefur verið gengið á undanfarin ár. Reykjavíkurflygvöllur verði í Vatnsmýri.

Börnum þarf að tryggja daggæslu frá lokum fæðingarorlofs og hlúa að starfsemi íþróttafélaga og tómstundum barna, en mikill meirihluti barna á Íslandi æfir íþróttir með íþróttafélagi. Sjálfstæðisflokkurinn vill tryggja eldri borgurum frístundastyrk með tekjutengingu og hugsa húsnæðismál eldra fólks upp á nýtt.

## Málefni barna

Eitt meginhlutverka borgarinnar er að sjá börnum fyrir menntun óháð efnahag. Jöfn tækifæri eru leiðarstef sjálfstæðisstefnunnar að þessu leyti, en sýn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hverfist um einstaklingsmiðaða nálgun þannig hver og einn nemandi fái að njóta sín á eigin forsendum. Sjálfstæðisflokkurinn vill hugsa þjónustu borgarinnar við börn og ungmenni heildrænt. Fjölskyldan er grunneining samfélagsins og kerfi borgarinnar þurfa að taka mið af henni. Börnum þarf að tryggja daggæslu frá lokum fæðingarorlofs. Þetta er meðal stærstu jafnréttismála samtímans. Samfella þarf að vera í skóladegi barna og þau eiga að geta blómstrað á sínu sviði hindrunarlaust.

## Grunn- og leikskóli

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill fjölga sjálfstætt starfandi grunn- og leikskólum í Reykjavík. Með aukinni fjölbreytni í rekstrarformi skapast hvatar til nýbreytni í skólalastarfinu og einstaklingsmiðaðri nálgun gagnvart nemendum og fjölskyldum þeirra.

Taka þarf leikskólakerfi Reykjavíkurborgar til gagngerrar endurskoðunar og finna leiðir sem virka til þess að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að greitt verði með börnum sem ekki fá pláss á leikskóla að loknu fæðingarorlofi - fé fylgi barni hvort sem það er á opinberum eða sjálfstæðum leikskóla, hjá dagforeldri eða heima hjá sér.

Horfa ætti til reynslu Kópavogsbæjar af nýrri leið í leikskólalagum sem virðist hafa bætt starfsaðstæður leikskólakennara og aukið samfellu í skólalastarfinu. Áfram þarf að tryggja afslátt af leikskólagjöldum fyrir þá sem þess þurfa, tryggja gott starfsumhverfi starfsfólks o.s.frv.



Niðurstaða í könnun PISA fyrir árið 2022 var óviðunandi og viðbrögð borgarinnar við þeim einnig. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill komast til botns í því hvað hefur farið úrskeiðis í skólakerfinu og færa hlutina til betri vegar. Reykjavíkurborg ætti að krefjast þess að niðurstöður PISA verði birtar niðurbrotnar eftir grunnskólum. Endurskoða þarf stefnu um „skóla án aðgreiningar“ sem vísbendingar eru um að hafi leitt til lakari þjónustu með ærnum tilkostnaði.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík styður tilraunir með seinkun skóladags í Reykjavík. Bæta má samskipti grunn- og leikskóla annars vegar og íþróttafélaga, tónlistarskóla og annarra lista- og tómstundafélaga með tímasparnað, námsárangur, hag og heilsu skólabarna í huga.

Kennarar, skólastjórnendur og annað starfsfólk grunn- og leikskóla borgarinnar eru hryggjarstykkið í skólastarfinu í borginni. Án ánægju meðal starfsfólks verður enginn árangur af starfi þeirra. Minnka þarf miðstýringu í skólakerfinu og veita grunnskólum og starfsfólki þeirra aukið frelsi til að halda úti faglegri kennslu, sem og að taka ákvarðanir um stefnu og skipulag náms innan sinna veggja. Þannig skapast möguleikar á kjarabót til handa kennurum. Þá þarf að stórbæta vinnuaðstöðu kennara og frístundastjórna.

Húsnæðismál grunn- og leikskóla borgarinnar hafa verið í ólestri undanfarin ár. Sjálfstæðisflokkurinn mun ráða bót á þessu.

## **Íþróttir og tómstundir**

Rík hefð er fyrir öflugum íþróttastarfi í Reykjavík og þá eru ýmsar tómstundir í boði fyrir börn og ungmenni á sviði menningar, útivistar o.fl. Mikill meirihluti barna á Íslandi æfir íþróttir með íþróttafélagi og því er nauðsynlegt að aðstaða íþróttafélaganna sé með besta móti. Misjafnlega hefur verið staðið að uppbyggingu íþróttamannvirkja í borginni og taka þarf tillit til þess þegar framtíðaruppbyggingu er forgangsraðað.

Samþætta þarf skóla-, íþrótt- og tómstundastarf með tímasparnað barna og foreldra og fjölgun iðkenda í huga, ekki síst í hópi þeirra sem eiga erlendar rætur. Greiða þarf fyrir því að börn geti iðkað tvær íþróttir eða íþróttir og listnám á sama tíma, hafi þau áhuga á því. Skýr skil þurfa þó að vera á milli fjárveitinga til íþróttafélaga vegna barna- og unglingsstarfs annars vegar og afreksstarfs hins vegar.

Hlúa þarf áfram vel að starfi félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva borgarinnar.

## **Málefni eldra fólks**

Fólki sem komið er á eftirlaunaaldur mun fjölga jafnt og þétt næstu áratugin. Þetta kallar á nýja hugsun hvað varðar húsnæðismál þessa aldurshóps. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur áherslu á að fólki verði gert kleift að búa heima hjá sér svo lengi sem kostur er. Skapa þarf aðstæður til byggingar húsnæðis sem sérstaklega er ætlað eldri borgurum. Sterkar fyrirmyndir eru að lífsgæðakjörnum á Norðurlöndum og hér á landi einnig. Í samstarfi við öflug félagasamtök eldri borgara þarf að útvega lóðir til byggingar slíks húsnæðis.



Fjölga þarf hjúkrunarrýmum fyrir þá sem eldri eru, í bland við fjölbreyttari búsetukosti fyrir eldra fólk, í því skyni að vinna á fráflæðisvanda sjúkrahúsa. Mikilvægt er að akstursþjónusta sveitarfélagsins fyrir aldraða skerðist ekki við innlögn á hjúkrunarheimili. Stefna þarf að því að sem flest fólk geti á efri árum lifað innihaldsríku lífi á eigin heimili með persónulegri þjónustu, þrátt fyrir skerta heilsu. Meirihlutinn í Reykjavík hefur ekki sýnt áhuga á því að koma til móts við eldra fólk að þessu leyti.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík telur rétt að borgaryfirvöld styðji við endurhæfingarúrræði sem standa eldra fólki til boða. Þá þarf að huga að andlegri heilsu og einangrun eldra fólks, t.d. með eflingu dagdvalar sem víða hefur gefið góða raun og fyllt upp í tómarúm hversdagsleikans hjá mörgum. Nauðsynlegt er að til staðar séu valkostir fyrir eldra fólk til hreyfingar og úrræði til eflingar lýðheilsu. Reykjavíkurborg ætti að hafa frístundastyrk fyrir eldri borgara sem er tekjutengdur.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg einfaldi skipulag við þjónustu eldri borgara. Samræma þarf þjónustu þannig að ekki þurfi að leita til margra aðila til að fá hana.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að í öllum ákvörðunum sem teknar eru um málefni eldra fólks þá séu mannréttindi í heiðri höfð.

## Rekstrarumhverfi og fjármál

### Rekstrarumhverfi

Reykjavík á að vera fyrsti kostur fyrir fyrirtæki úr fjölbreyttum geirum, allt frá tækni og nýsköpun til framleiðslu, nýsköpunar og heilbrigðisþjónustu, og bjóða þannig upp á skapandi margbreytileika í efnahagslífi Reykjavíkurborgar og styrkja með því samfélagið í heild sinni.

Hluti af því að hlúa að fyrirtækjum er að gæta að því að grunnþjónusta á vegum borgarinnar virki sem skyldi, svo sem sorphirða, snjómokstur og rekstur áreiðanlegra almenningsgangna. Endurskoða þarf stjórnkerfi borgarinnar með hagsmuni notandans að leiðarljósi. Einfalda þarf boðleiðir og erindi á að afgreiða án ástæðulausra tafa. Þá er nauðsynlegt að fasteignagjöld og önnur gjöld séu samkeppnishæf þegar litið er til annarra sveitarfélaga. Áfram verði unnið að stafrænum lausnum sem miða að þörfum notandans og geta einfaldað ferla og stytt biðtíma. Leitast verði við að skapa eftirsóknarvert umhverfi fyrir fyrirtæki. Umsóknarferli séu á einum stað og gögn vegna umsóknaferla fari til að mynda í eina gátt og flæði þaðan til rétttra aðila. Reykjavíkurborg á ekki að eiga í samkeppnisrekstri við einkageirann um verðmæta sérfræðinga og auka á útvistun verkefna af hálfu borgarinnar, t.d. á sviðum nýsköpunar og stafrænna lausna. Sem dæmi ætti að bjóða rekstur bílastæðahúsa út og selja Malbikunarstöðina og Ljósleiðarann. Orkuveita Reykjavíkur þarf að vera betur í stakk búinn til að fjárfesta í orkuvinnslu sem er grunnstarfsemi hennar.

### Fjárhagur borgarinnar

Fjárhag Reykjavíkurborgar hefur hrakað. Veltufé frá rekstri var neikvætt á árinu 2022, en það segir til um getu borgarinnar til að greiða af skuldum og til fjárfestinga. Eftirlitsnefnd



um fjármál sveitarfélaga hefur gert ítrekaðar athugasemdir við ársreikninga og fjármálaáætlanir Reykjavíkurborgar þar sem lágmarkskröfur um fjármál sveitarfélaga hafa ekki verið uppfyllt.

Skattheimta borgarinnar er í hámarki. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill leita leiða til að lækka opinber gjöld á borgarbúa. Borgin samþykki fjármálaáætlun til lengri tíma sem feli meðal annars í sér að þjónustugjöld borgarinnar verði aldrei hækkuð umfram almennt verðlag. Skuldir borgarinnar hafa haldið áfram að aukast og meint hagræðing borgarmeirihlutans felst einkum í því að seilast dýpra í vasa skattgreiðenda. Skuldir hafa aukist um 91% á hvern íbúa undanfarin 10 ár og laun og launatengd gjöld hafa aukist um 46% á hvern íbúa á tímabilinu. Skattbyrði á hvern starfandi borgarbúa hefur aukist um 22% síðastliðin tíu ár á sama tíma, eða sem samsvarar 627 þúsund krónum fyrir meðalheimilið. Skuldahlutfall á hvern íbúa í A-hluta árið 2022 var 112%. Sjálfstæðisflokkurinn vill koma skuldahlutfalli á hvern íbúa í A-hluta undir 100% á næstu fimm árum. Miðlæg stjórnsýsla verði skorin niður eins og hægt er.

Ljóst er að þörf er á að grandskoða fjármálin í því skyni að lækka skuldir og bæta rekstrarhæfi borgarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill forgangsraða fjármunum í þágu grunnþjónustu við borgarbúa í stað gæluverkefna. Slæm fjárhagsstaða borgarinnar endurspeglar enda í slæmri þjónustu við borgarbúa. Sjálfstæðisflokkurinn vill hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Endurskoða þarf félagslega íbúðakerfið sem hefur þanist út. Gera þarf þjónustupegum kleyft að eignast íbúðirnar og með því losar Reykjavíkurborg um eignarhald.

## Samgöngur, skipulag, umhverfi og menning

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík horfir heildrænt á samgöngu- og skipulagsmál. Í ljósi óvissu um þróun mála á Reykjanesi og í ljósi jarðhræringa liggur beinast við, að mati Sjálfstæðisflokksins, að kanna möguleika á byggð norðan, og norðaustan við þéttbýli í Reykjavík. Meirihluti borgarstjórnar hefur svikið borgarbúa um Sundabraut sem yrði lykiltríði í að þróa byggð í átt til norðurs, en á Kjalarnesi, Geldinganesi og víðar er að finna gjöfult byggingarland. Samgöngumál í borginni eru í ólestri og Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík telur nauðsynlegt að endurhugsa nálgun borgaryfirvalda í samgöngumálum frá grunni. Engin fagleg stefnumótun á sér nú stað í skipulagsmálum borgarinnar.

### Samgöngumál

Nær engar úrbætur hafa orðið á gatnakerfi Reykjavíkur áratugum saman og er nú svo komið að ástandið er óbærilegt. Tafakostnaður í umferðinni fyrir einstaklinga og fyrirtæki nemur nú tugum milljarða á ári. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill endurskoða Samgöngusáttmálann svonefnda frá grunni. Verði haldið áfram á sömu vegferð, er ljóst að kostnaður skattgreiðenda af framúrkeyrslu vegna sáttmálans og mikils rekstrarkostnaðar verður gríðarlegur. Sjálfstæðisflokkurinn telur að ráðast þurfi í flýtiframkvæmdir sem geta komið bæði almenningsamgöngum og almennri umferð í viðunandi horf til næstu 10 ára. Sem bráðaaðgerð er til dæmis nauðsynlegt á næstu 3-4 árum að fjölga sérakreinum fyrir



strætó, auka tíðni ferða, bæta snjallljósastýringu, endurnýja vagnflotann, biðskýli og annað sem eykur áhuga fólks á nýta strætó.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill að nýjum stofnæðum höfuðborgarsvæðisins verði komið fyrir neðanjarðar í jarðgöngum í einkaframkvæmd. Með því falla til stór svæði sem annars færu undir umferðarmannvirki. Það mun létta umtalsvert á umferð ofanjarðar og auka lífsgæði með möguleika á þéttingu byggðar og stækkun útivistarsvæða í hverfum borgarinnar. Þá næst betri nýting landrýmis, betra næði og betri loftgæði. Byggt verði á reynslu við gerð Hvalfjarðarganga. Núverandi hugmyndir um stokkauppbyggingu við Miklubraut og byggingaframkvæmdir nálægt götum ofanjarðar eru óviðunandi og krefjast endurskoðunar.

Ráðast þarf í flýtiframkvæmdir í samgöngum. Sundabraut er forgangsmál og gott dæmi um arðbæra og nauðsynlega framkvæmd. Fyrsti valkostur er að Sundabraut yfir Kleppsvík verði í jarðgöngum. Sundabraut við Sæbraut komi upp vestar en núverandi hugmyndir Vegagerðarinnar gera ráð fyrir, t.d. við Kringlumýrarbraut. Frestun hennar hefur skaðað stórlega hagsmuni Reykvíkinga og landsbyggðarinnar ásamt því að breytt skipulag hefur komið í veg fyrir hagkvæmasta valkostinn við lagningu Sundabrautar. Nýlegar jarðhræringar á Reykjanesskaga hafa sýnt fram á nauðsyn greiðra samgönguleiða úr borginni.

Nær allir hættulegustu slysastaðir landsins eru á ljósastýrðum gatnamótum í Reykjavík. Ráðast þarf í átak til að auka öryggi gatnamóta og bæta umferðarflæði þeirra. Með hliðsjón af almannaöryggi þarf að vera greið leið fyrir umferð um gatnamót sem staðsett eru við útjaðar borgarinnar. Gera skal stærstu, hættulegustu og umferðarþyngstu gatnamót stofnæða mislæg að fullu eða tryggja með öðrum hætti nánast óhindrað flæði umferðar. Gæta verður þess að ekki verði gengið á helgunarsvæði fjölförnustu gatnamóta í borginni sem tekin voru frá á sínum tíma fyrir umferðarbætur í framtíðinni, t.d. gerð mislægra gatnamóta.

Einn samgöngumáti á ekki að þrengja að öðrum. Mikilvægt er að tryggja arðbæra nýtingu fjármuna þannig að markmið um greiðari samgöngur, aukin lífsgæði og valfrelsi í samgöngum náist. Hugmyndum um viðbótargjaldtöku á vegfarendur er hafnað þar sem ekki er möguleiki á annarri leið. Vegggjöld geta ekki orðið skattstofn en þau geta hins vegar orðið öflugt stjórnþæki við stýringu umferðar og fjármagnað nýframkvæmdir.

Bæta þarf öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, með gangbrautum, göngubrúum og lýsingu, ekki síst við grunnskóla borgarinnar. Þá er nauðsynlegt að halda áfram uppbyggingu sjálfstæðs stofnstígakerfis fyrir hjólréiðafólk.

Reykjavíkurflygvöllur verður í Vatnsmýri. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri sem skapast við orkuskipti í innanlandsflugi sem er mikilvægur þáttur í almenningssamgöngum. Fallið verði frá áformum um þetta íbúðauppbyggingu á flugvallarsvæðinu. Sjálfstæðisflokkurinn telur óskynsamlegt að halda áfram áformum um þéttingu byggðar upp við flugvöllinn í ljósi jarðhræringa á Reykjanesskaga og útilokar flugvöll í Hvassahrauni sem raunhæfan valkost.





## Skipulagsmál

Húsnæðismál á höfuðborgarsvæðinu eru í lamasessi. Húsnæðisstefna meirihlutaflökkanna í borgarstjórn er dýru verði keypt. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill snúa við flóttu fólks og fyrirtækja með nægu framboði íbúða- og atvinnulóða.

Lögð verði áhersla á ný byggingarsvæði þar sem greiðar samgöngur um borgina eru hafðar í hávegum. Sjálfstæðisflokkurinn er hlynntur hóflegri þéttingu byggðar í samræmi við þá byggð sem fyrir er, en ljóst að of hratt hefur verið ráðist í að þétta íbúðabyggðina í borginni. Afleiðingin er hækkun húsnæðisverðs. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á nýtt byggingarland, *Borgina við sundin*, austan Elliðaáa; í Grafarvogi, Úlfarsárdal, Gufunesi, Geldinganesi, á Keldum, Keldnaholti og Kjalarnesi.

Tækifæri liggja í jafnvægi byggðarþróunar. Mikilvægt er að þétting byggðar sé framkvæmd þannig að sem minnst röskun verði á lífsgæðum fólks.

Reykjavík á að vera barnvæn borg. Huga þarf sérstaklega að þörfum ungs fólks við uppbyggingu borgarinnar. Skipulag þarf að taka mið af því að innan hvers hverfishluta sé nægt svæði fyrir almenna þjónustu, börn að leik, fólk á vinnualdri og aldraða. Auka þarf framboð á sérbyli og fjölbreyttu búsetuformi.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill endurskoða aðalskipulag borgarinnar á faglegan hátt sem nú nær til ársins 2040. Þá er nauðsynlegt að einfalda málsmeðferð og leyfisveitingakerfi borgarinnar, byggingareglugerð og aðra þá ferla sem íþyngja framkvæmdaaðilum. Taka þarf upp markvissara samráð við íbúa og hagsmunaaðila við gerð skipulags og við samliggjandi sveitarfélög þegar það á við.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík telur mikilvægt að standa vörð um græn og opin svæði í borginni bæði innan íbúðahverfa, en ekki síst hlúa að stórum náttúruperlum svo sem Elliðaárdal, Laugardal, Vatnsmýrarsvæðinu, Esjuhlíðum, Heiðmörk og Öskjuhlíð. Áhersla skal lögð á aukna uppbyggingu opinna leik- og útivistarsvæða með svipuðu sniði og leiksvæðinu við Gufunes. Gæta þarf að góðu viðhaldi og umhirðu um slík leiksvæði. Stefnt skal að friðlýsingu Elliðaárdals og fjörunnar í Skerjafirðinum.

## Grænar áherslur

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að borgin sé blómleg og snyrtileg, gróður sé vel hirtur og fallegur, borgarbúum til sóma. Mikilvægt er að hlúa að fjölsóttum grænum útivistarsvæðum m.a. í samstarfi við útivistar- og íþróttafélög með það fyrir augum að þau verði ákjósanlegur staður fyrir borgarbúa að nýta sér.

Sjálfstæðisflokkurinn vill stórminnka mengun í borginni sem hefur aukist undanfarin ár. Stórátak þarf að gera í hreinsun gatna í Reykjavík, hvort sem um er að ræða sumar- eða vetrarþjónustu. Markvisst þarf að vinna gegn umferðartöfum sem verða til mikillar sóunar eldsneytis, en af þeim skapast einnig gríðarlegur kostnaður, óhagræði og mengun.

Gengið hefur verið of langt í ágangi á græn svæði. Sjálfstæðisflokkurinn vill stöðva þessa þróun og hætta við áætlanir um byggð á grænum svæðum. Hér má sem dæmi nefna óröskuð svæði á borð við Skerjafjörð, Grafarvog, Elliðaárdal og Laugardal. Huga þarf að



friðlýsingu fleiri svæða en nú þegar hefur verið gert. Gæta þarf að villtum lax- og silungastofnum ásamt náttúrulegum vistkerfum í borgarlandinu.

Sorþhirðumálum þarf að koma í lag og að mati Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík þarf Reykjavík að taka forystu í sorþhirðu, förgun og endurvinnslu til langs tíma.

Heilbrigðiseftirlit þarf að taka betur mið af þörfum umhverfis og þeirra sem sæta eftirliti. Í þessu sambandi þarf að taka tillit til þarfa minni rekstraraðila.

Strax þarf að auka orkuvinnslu Orkuveitunnar og huga í hvívetna að sem bestri nýtingu á auðlindum, jafnt í tengslum við nýtingu varmaorku og raforku.

Hraða ber eins og kostur er orkuskiptum í samgöngum á sjó og landi. Nú þegar ætti borgin að ganga á undan með góðu fordæmi með orkuskiptum í bílaflota borgarinnar og almenningsfarartækjum, auk þess að styðja við tækniþróun og viðleitni einkaaðila í þá veru. Sjálfstæðisflokkurinn styður rafvæðingu hafna borgarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að gera líf borgarbúa heilsusamlegra og samfélagið skilvirkara, atvinnulífi og almenningi til hagsbóta.

## **Menning og skapandi greinar**

Reykjavík er miðstöð skapandi greina á Íslandi enda er borgin hvort í senn höfuðborg, menningarborg og háskólaborg svo fátt eitt sé nefnt. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík telur að listamenn séu auðlind sem þurfi að hlúa að og efla. Reykjavíkurborg á að styðja við menningu í borginni með því að stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi fyrir skapandi greinar. Mikilvægt er að skapa trausta umgjörð til verðmætasköpunar innan skapandi greina, rétt eins og annarstaðar í atvinnulífinu.

Mikilvægt er að styrkveitingar borgarinnar vegna menningarmála séu faglegar og gagnsæjar. Tryggja þarf auðvelt aðgengi almennings að menningu og listum, með sérstaka áherslu á aðgengi barna.

## **Félags- og heilbrigðismál**

### **Innflytjendur og börn þeirra**

Þjóða þarf innflytjendur velkomna og gera þeim kleift að standa hér á eigin fótum. Reykjavíkurborg á að gera þeim innflytjendum sem til borgarinnar koma mögulegt að lifa sjálfstæðu lífi með aðlögun að samfélaginu og sinna skyldum sínum vel gagnvart þeim sem njóta aðstoðar verndar kerfisins.

Með markvissri stefnu þarf að tryggja að innflytjendur og börn þeirra nái að aðlagast íslensku samfélagi. Þannig er spornað gegn félagslegri einangrun innflytjenda með því að auðvelda þeim að læra íslensku, ná fótfestu í skólakerfinu, á vinnumarkaði og í félagsstarfi. Mikill munur er á meðaleinkunnum barna af innlendum og erlendum uppruna og sá mesti sem fyrirfinnst innan aðildarríkja OECD. Þetta er óásættanlegt.



Fjölgun þjónustuþega ógnar nú þegar þeim innviðum sem borgaryfirvöld bera ábyrgð á vegna gríðarlegs þrýstings á verndarkerfi flóttamanna. Þarna hefur meirihlutinn í Reykjavík brugðist með því að færast of mikið í fang. Þar eru grunnskólar borgarinnar ekki síst í brennidepli, en þeir eru að þolmörkum komnir. Þetta er ólíðandi og nauðsynlegt er að færa verndarkerfi flóttamanna til jafns við það sem á við í nágrennaríkjum Íslands.

## **Málefni fólks með fötlun**

Eitt meginhlutverka Reykjavíkurborgar er að sinna þjónustu við fólk með fötlun. Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að þörfum fólks með fötlun sé mætt.

Fólk með fötlun er fjölbreyttur hópur sem þjónusta þarf á einstaklingsgrundvelli. Tryggja þarf að fólk með fötlun geti sótt sér nám, stundað vinnu og tómstundir. Þá þurfa einstaklingar í þessum hópi að hafa val um að geta stýrt þjónustu sinni sjálfir á grundvelli notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) til þess að gera sem flestum kleift að lifa sjálfstæðu lífi.

Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að öllum stofnunum Reykjavíkurborgar og þá sérstaklega þjónustumiðstöðum, þar sem úrbóta er þörf.

Stytta þarf biðlista og bjóða upp á fjölbreytt búsetuúrræði. Þá þarf að ráðast í breytingar á núverandi þjónustu til að auka gæði og öryggi hennar og mæta frekari manneklu. Í þessum málaflokki má leysa krafta einkaframtaksins úr læðingi til þess að ná auknum árangri.

## **Lýðheilsa, félags- og geðheilbrigðismál**

Í kjölfar sóttvarnaaðgerða undanfarinna ára og hraðrar tækniþróunar á sviðum samfélagsmiðla og gervigreindar þarf að ráðast í átak í geðheilbrigðis- og félagsmálum og sporna gegn félagslegri einangrun, ekki síst hjá börnum og ungmennum.

Unnið verði eftir hugmyndafræði lýðheilsu hjá stofnunum borgarinnar sem lýtur að því að einstaklingar geti hámarkað lífsgæði sín og efttækifæri til þátttöku í samfélaginu. Litið verði til hollrar næringar, hreyfingar og lífsleikni til að draga úr vaxandi kvíða, streitu, einangrun og andlegum vanda sem fer vaxandi.

Tryggja skal að fæði sé næringarríkt í grunn- og leikskólum borgarinnar. Þannig er stuðlað að jafnræði allra barna til heilsu og heilbrigðis.

Mikilvægt er að börn og ungmenni hafi jafnt aðgengi að fjölbreyttum tómstundum, til dæmis með því að endurvekja skólagarða Reykjavíkur.

Efla þarf sundlaugar borgarinnar og tryggja að þær verði áfram miðstöðvar lýðheilsu með góðu aðgengi og reglulegu viðhaldi. Mikilvægt er að eldri borgarar í Reykjavík geti áfram stundað sund gjaldfrjálst.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg beiti öllum úrræðum sem henni standa til boða í þjónustu sinni við þau sem kljást við vímuefnavanda. Endurskipuleggja skal og fjölga úrræðum til endurhæfingar til að auðvelda þeim endurkomu í samfélagið. Reykjavíkurborg skal vera leiðandi í skaðaminnkunaráttæðum í samstarfi við ríkið.